

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um flutning þingstaðar. 47

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 11. f. m., og 21. mars beiðni hreppsnefndarinnar í Presthólahreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður nefnds hrepps sje fluttur frá Presthólum að Kópaskeri, með því skilyrði, að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins útaf fyrirspurn um mat samkv. lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat, á jörðum er land eiga í sameign. 48

7. apríl

Þjer hafið, herra umboðsmaður, í brjefi, dagsettu 22. f. m., beint til stjórnarráðsins ýmsum spurningum viðvíkjandi mati því, er fram á að fara samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóvbr. 1915, um fasteignamat, sjerstaklega að því er snertir jarðir, sem land eða jarðargögn eiga í sameiningu. Nefnið þjer sem dæmi 3 jarðir, er þjer kallir A. 30 hdr. að dýrleika eftir eldra mati, B. 20 hdr. og C. 10 hdr., sem allar hafa afskift tún og útengi, en heimahaga, upprekstrarland og reka í sameiningu, eftir ákveðnum hlutföllum. Gjörðið þjer ráð fyrir að jarðirnar hafi verið misjafnlega setnar, þannig að hundraðaminsta jörðin ef til vill hafi verið best setin, og því nú hlutfallslega verðhæst, og spyrjist þjer þá fyrir um, eptir hvaða hlutföllum nú skuli meta land það eða jarðargögn, er jörðunum fylgja, og hvort þær eigi hið óskifta land eða jarðargögn eftir hinum eldri hlutföllum, eða eftir verðhlutföllum þeim, sem fram koma við hið nýja mat.

Útaf þessu skal yður til leiðbeiningar tjáð það er hjer greinir:

Þar sem jarðir eiga ítölu í land saman, eða land eða jarðargögn í sameign í ákveðnu hlutfalli eða ákveðnum hlutföllum, virðist sú ítala eða hlutföll að sjálfsögðu eiga að haldast, þótt t. d. jarðirnar A og B, sem nú eiga óskipt beiti-land í hlutfallinu 1:2, verði metnar jafnar, t. a. m. vegna túnasljettna á þeirri jörðinni, er minna átti í óskiptu landi, þá raskar það eigi hlutfallinu (1:2), þegar ræða er um hlutdeild í óskiptu landi, reka o. s. frv.

Matið virðist eiga að fara eftir hlutföllum þeim, sem nú eru um sameign milli jarða, að því leyti sem það atriði getur haft áhrif á verðgildi þeirra, en þau hlutföll eiga *alment* eigi að raskast eftir hinu nýja mati þeirra, þótt dýrleika-hlutföllin verði önnur en þau voru eftir eldra mati.

Þar sem af landi einnar jarðar, því er hún hefir átt óskift, en í ákveðnu hlutfalli, saman við aðra jörð, hefir verið tekið til ræktunar, og sú jörð síðan heldur því sem skiftri sjereign, þá hlýtur hluti hennar í sameigninni að minka að sama skapi. Oft mun þetta litlu eða engu máli skifta, eins og nú stendur, en getur þó haft þýðingu, ef um landlitlar jarðir er að ræða.